



YFIRLÝSING FORSETA ÍSLANDS

Fyrr í dag undirritaði ég skipunarbréf 15 dómara við Landsrétt, tveimur sólarhringum eftir að mér bárust þau í hendur. Undirritun forseta, sem staðfesting á stjórnarathöfnum löggjafarvalds og framkvæmdarvalds, er að öllu jöfnu formlegs eðlis og sjálfsögð, enda er það skýrt tekið fram í stjórnarskrá Íslands að forseti er ábyrgðarlaus af stjórnarathöfnum og lætur ráðherra framkvæma vald sitt. Sú staða getur þó vissulega komið upp að forseti þurfi að íhuga hvort hann vilji staðfesta stjórnarathafnir.

Fimmtudaginn 1. júní sl. fór fram atkvæðagreiðsla á Alþingi um tillögur dómismálaráðherra um skipan 15 dómara við hinn nýja Landsrétt sem taka skal til starfa um næstu áramót. Greidd voru atkvæði í einu lagi um dómaraefnin 15 sem ráðherra lagði til.

Eftir atkvæðagreiðsluna heyrðust þær efasemdir og ásakanir að ekki hefði verið að henni staðið í samræmi við lög, nánar tiltekið bráðabirgðaákvæði IV (2. mgr.) í lögum um dómstóla, nr. 50/2016. Þar segir meðal annars: „Þegar ráðherra gerir tillögu um skipun í embætti dómara við Landsrétt í fyrsta sinn skal hann leggja tillögu sína um hverja skipun fyrir Alþingi til samþykktar. Samþykki Alþingi tillögur ráðherra skal hann senda þær forseta Íslands sem skipar í embættin ...“

Efasemdir um málsmeðferðina komu fram á opinberum vettvangi. Meðal annars lýstu lögfræðingar yfir efasemdum um að rétt hefði verið að málum

staðið, að vísu einatt með fyrirvara um að málsatvik lægju ekki fyllilega ljós fyrir. Þá hófst undirskriftasöfnun á netinu þar sem skorað var á forseta að skrifa ekki undir skipunarbréf dómara 15, því „dómara skal þingið samþykkja hvern fyrir sig ef farið er á skjön við ráðlagningu [hæfnis- eða dómnefndar]“. Auk þess hafði Jón Þór Ólafsson, alþingismaður og 3. varaforseti Alþingis, samband við mig og lýsti efasemdum um lögmæti atkvæðagreiðslunnar.

Mér þótti sjálfsagt að kynna mér nánar þessi sjónarmið enda engin brýn stjórnskipuleg nauðsyn til þess að undirrita skipunarbréf dómaraefnanna um leið og mér bærust þau. Jafnframt er þess að geta að þótt atbeini forseta sé formlegur í stjórnskipulegu tilliti má aldrei líta svo á að sá atbeini sé þess vegna sjálfvirkur. Þannig eru þess dæmi að forseta séu afhent skjöl til undirritunar þar sem handvömm hefur orðið við undirbúning og frágang. Þarf þá að vinna þau á ný og útbúa til undirritunar.

Hinn 6. júní ákvað ég að afla staðfestingar á þeirri atvikalýsingu sem fram hafði komið í fjölmiðlum og mér höfðu einnig borist eftir öðrum leiðum. Einnig vildi ég vita hvort skrifstofa Alþingis og lögfræðingar þar teldu hugsanlegt við nánari athugun að ekki hefði verið staðið rétt að atkvæðagreiðslunni 1. júní. Ég fól forsetaritari að afla upplýsinga frá skrifstofu Alþingis um tilhögun atkvæðagreiðslunnar, aðdraganda hennar og umræður á undirbúningsfundum þingsmanna, með hliðsjón af áður nefndu bráðabirgðaákvæði dómstólalaga og ákvæðum þingskapa um atkvæðagreiðslur.

Hinn 7. júní barst skrifstofu forseta svar skrifstofustjóra Alþingis fyrir hönd skrifstofu Alþingis. Í þeirri ítarlegu greinargerð er meðal annars bent á að dómsmálaráðherra lagði fyrir Alþingi tillögur um 15 dómara, lögum samkvæmt. Meirihluti stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar lagði svo fram þingskjal (nr. 1023) um að eftir þeim tillögum ráðherra yrði farið. Þingskjalið var þannig sett upp að gerð var tillaga um hvern dómara, í tölusetnum liðum frá 1-15, svo að atkvæðagreiðsla gæti farið fram um hvern einstakling.

Í samtölum sem forseti Alþingis átti við formenn og forystufólk þingflokka um undirbúning atkvæðagreiðslunnar kom fram að þingmenn flokkanna hefðu allir ákveðið að greiða atkvæði með sama hætti um hvern einstakling í töluliðum 1-15 á þingskjalinu. Við upphaf atkvæðagreiðslunnar mælti forseti Alþingis svo: „Í álit meiri hluta stjórnskipunar- og eftirlitsnefndar á þskj. 1023 er tillaga um að Alþingi álykti að samþykkja 15 tillögur dómsmálaráðherra um skipun 15 manna til að vera dómarar við Landsrétt. Tillagan í 15 töluliðum verður borin upp í heild ef enginn hreyfir andmælum við því.“

Enginn ágreiningur er um þá þingvenju, sem styðst við ýmis ákvæði þingskapa, að teknir séu saman töluliðir eða greinar þingskjala þegar fyrir liggir að þingmenn muni greiða eins atkvæði um þá alla eða þær allar.

Fyrir liggur að enginn hreyfði andmælum við því á þingfundi eða við undirbúning atkvæðagreiðslunnar að greidd yrðu atkvæði í einu lagi um alla 15 töluliði þingskjalsins. Alþingi samþykkti hvern þeirra í einni atkvæðagreiðslu með 31 atkvæði gegn 22. Átta þingmenn greiddu ekki atkvæði og tveir voru fjarstaddir. Í greinargerð skrifstofu Alþingis um þessa atburðarás, atkvæðagreiðsluna sjálfa og aðdraganda hennar, segir svo: „Engin athugasemd kom fram um að tillögurnar yrðu bornar upp í heild, engin ósk um uppskiptingu á tillögu nefndarinnar í atkvæðagreiðslunni eins og þó oft er gert. Við því mátti t.d. búast að óskað yrði sérstakrar atkvæðagreiðslu um þá fjóra sem á skjalinu voru en ekki var gerð tillaga um í niðurstöðum dómnefndar, en svo varð ekki.“

Lokaorð greinargerðar skrifstofu Alþingis eru svohljóðandi: „Niðurstaða skrifstofunnar er því sú að atkvæðagreiðslan sé fyllilega lögmæt og í samræmi við lögbundna og venjubundna afgreiðsluhætti Alþingis, svo svarað sé beint erindi skrifstofu forseta Íslands. Meginhugmynd og krafa í fyrnefndu bráðabirgðaákvæði dómstólalaga er að Alþingi geti tekið afstöðu til hvers dómaraefnis, hafnað einstökum tillögum ráðherra, en standi ekki frammi fyrir þeim kosti að samþykkja allar tillögurnar eða hafna öllum. Við afgreiðslu

málsins á Alþingi er þessi hugmynd virt, frágangi málsins á þingskjali og atkvæðagreiðslu hagað þannig að við þeirri kröfu dómstólalaga mætti verða.“

Með hliðsjón af öllum þeim málavöxtum sem hér hafa verið raktir komst ég að þeirri niðurstöðu að mistök hefðu ekki átt sér stað við undirbúning og tilhögun atkvæðagreiðslunnar 1. júní og hún hefði verið í samræmi við lög, þingvenju og þingsköp.

8. júní 2017